

**Fundargerð háskólaráðs**  
**365. fundur fimmtudaginn 15. október 2015 kl. 13:30**  
**Borgir 262**

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:30.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda

Finnbogi Jónsson, fulltrúi háskólaráðs

Guðmundur Kr. Óskarsson, fulltrúi háskólasamfélagsins (varafulltrúi í stað Hermínu Gunnþórsdóttur)

Jens Garðar Helgason, fulltrúi menntamálaráðherra, í síma

Svanfríður Inga Jónasdóttir, fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Martha Lilja M. Olsen, verkefnastjóri á skrifstofu rektors, ritar fundargerð

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Forföll:

Óskar Þór Vilhjálmsson, fulltrúi háskólasamfélagsins, fjarverandi vegna verkfalls SFR – ekki heimilt að boða varamann í hans stað

---

## **1. Fundargerð síðasta fundar, til samþykktar, mál til kynningar**

1507009

Finnbogi Jónsson gerði athugasemd við fundargerð, þar sem ekki kom fram að hann hefði boðað forföll á síðasta fundi. Fundargerð verður leiðrétt og borin upp til samþykktar á næsta fundi.

- Mál til kynningar:

Rektor kynnti ferð sína til Austurlands í liðinni viku, 7. -8. október. Mikið af tækifærum til samstarfs, en vantar fjármagn í slíkt samstarf. Rektor mun leita leiða til að finna fjármagn í slíkt samstarf í tengslum við einstök verkefni. Þetta tengist einnig umræðu um stefnumótun HA, sem framundan er, sérstaklega í tengslum við fjarnám og tengsl HA við landsbyggðina. Í því samhengi var bent á að fjarnámssetrin um land allt eru rekin að einhverju leyti rekin á kostnað ríkisvaldsins en HA fær enga fjármuni til samskipta eða

reksturs á slíkum setrum. Á sama tíma fær Háskóli Íslands fjármagn af fjárlögum til að reka rannsóknasetur víða um land.

## **2. Rekstraryfirlit janúar – september**

Rekstrarstaða skólans og fjárlög 2016.

Ólafur Halldórsson gerði grein fyrir rekstraryfirliti. Rekstur skólans í heild er 75,58% af áætlun en viðmiðið er 75%.

Allt kapp lagt á að ná hallalausum rekstri í árslok, en reksturinn er í járnum og nauðsynlegt að viðbótarframlag frá ríkinu sem gert er ráð fyrir vegna launahækkana skili sér.

Launahækkanir eru framundan og hafa verið á árinu – hækkun á framlagi ríkisins vegna ársins 2016 mun væntanlega allt fara í það.

Rekstrarstaðan gerir það að verkum að skólinn getur ekki byggt upp starfsemi sína – einungis hægt að halda núverandi rekstri í horfinu. Slíkt gerir skólanum erfitt að uppfylla skyldur sínar, t.d. varðandi gæðamál.

Reksturinn eins og hann er, er of stór fyrir fjárhagsrammann sem skólinn hefur í dag. Ef viðbótar fjármagn fæst fyrir fjarkennsluna og þá uppbyggingu sem HA hefur tekist á hendur er ljóst að útlitið væri mun betra og skólinn getur að nýju byrjað að efla sína starfsemi.

Rætt var um þá fjölmiðlaumræðu sem skapaðist fyrr í mánuðinum um fjarnám á háskólastigi. Háskólaráð telur að mikilvægt sé að horfa til þess að við uppbyggingu fjarkennslu á háskólastigi á Íslandi verði HA í forystu og sé leiðandi í samstarfi við aðra háskóla um fjarkennslu. Því sé eðlilegt að koma á samstarfi við hina háskólana varðandi fjarnám, með HA í forystu.

## **3. Breyting á reglum um gæðaráð**

*0804017*

Breyting kynnt og samþykkt.

## **4. Reglur um breytingar á reglum nr. 387/2009 fyrir HA**

*1509047*

Breytingar á reglum sem leiða af breytingum á gæðaráði. Samþykkt.

## **5. Breyting á skipan framkvæmdastjórnar HA, sbr. fundargerð 156. fundar framkvæmdastjórnar, liður 4.**

*1507022*

Rektor kynnti tillögu sína að breytingu á skipan framkvæmdastjórnar, þ.e. að fjármálastjóri og gæðastjóri sitji einnig í framkvæmdastjórn.

Rætt var um tillöguna og ákveðið að halda áfram með málið á næsta háskólaráðsfundi í tengslum við frekari umræðu um stefnumótun skólans.

## **6. Háskólafundur 13. nóvember – Vill háskólaráð vísa málum til fundarins?**

Rektor gerði grein fyrir hlutverki háskólafundar. Háskólaráð vísar engum málum til háskólafundar að þessu sinni.

## **7. Skipun siðanefndar 2015-2017**

*1506051*

Tilnefningar sviðanna lagðar fram til samþykktar. Tilnefningar samþykktar.

## **8. Ársskýrsla siðanefndar, til kynningar**

*1510005*

Frestað til næsta fundar þar sem Edward Huijbens, formaður siðanefndar gat ekki mætt á fundinn.

## **9. Rannsóknamisseri og staða umsókna**

Stöðu umsókna frestað til næsta fundar þar sem fjöldi umsókna liggur ekki fyrir.

Í þessu samhengi var rætt um að fjöldi kennara með doktorsgráðu verður ein af lykiltölunum sem lagðar verða til grundvallar við mat á háskóla, og þá sérstaklega þegar kemur að úthlutun fjármagns til rannsókna í framtíðinni. Nauðsynlegt er því að fjölga akademískum starfsmönnum með doktorsgráður og rannsóknareynslu.

Rætt var um skilyrði sem uppfylla þarf til þess að fá rannsóknaleyfi. Ljóst er að fyrir ákveðinn hóp akademískra starfsmanna getur verið mjög erfitt að ná tilætluðum stigafjölda, og á það sérstaklega við um starfsmenn sem eru í akademískum stöðum en hafa ekki lokið doktorsprófi. Það er því nauðsynlegt að leita leiða til að huga að þeim hópi og hvernig unnt væri að styðja þau til doktorsnáms. Ein leið væri að veita sérstök rannsóknaleyfi til verðandi doktora.

Rektor leggur til að skoðað verði hvort rektor geti veitt 2-3 starfsmönnum í doktorsnámi rannsóknarleyfi (aldrei fleiri en einn doktorsnemi af hverju sviði skólans, s.k. ungdoktoraprógramm), samkvæmt heimild 4. gr. í reglum um rannsóknamisseri.

Samþykkt að ræða þetta frekar þegar umsóknir um rannsóknamisseri verða teknar fyrir. Jafnframt verði þess farið á leit við stjórnslu rannsókna að

fara ítarlega yfir rannsóknavirkni akademískra starfsmanna og upplýsa Háskólaráð um stöðu rannsókna við HA.

Jens Garðar yfirgaf fundinn kl. 15:20.

## **10. Skýrsla menntamálaráðuneytis um háskóla og vísindi á Íslandi**

Rektor kynnti tilurð skýrslunnar og fór lauslega yfir innihald hennar. Rektor lagði áherslu á að nauðsynlegt væri að háskólaráð kynni sér skýrsluna ítarlega þar sem hún verði grundvöllur að stefnumótunarumræðu háskólastigsins á næstu mánuðum.

## **11. Stefnumótun – framhald**

Ásta Bjarnadóttir er tilbúin til að vinna með háskólaráði á stefnumótunarfundi ásamt því að vinna áfram með rektor að tillögu að stefnu vorið 2016. Upplýsingar um kostnað vegna verkefnisins liggja ekki fyrir en verða sendar út í tölvupósti.

Fulltrúi nemenda leggur áherslu á að nemendur hafi aðkomu að stefnumótun skólans. Rektor sendir á háskólaráð könnun frá HÍ sem send var á nemendur vegna stefnumótunar HÍ.

## **12. Önnur mál**

- Umsókn HA um viðurkenningu til doktorsnáms.  
Svarbréf menntamálaráðuneytisins lagt fram til kynningar og drög að svari HA við bréfi ráðuneytisins. Háskólaráð samþykkti drög að svarbréfi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:49.